**Nd. 578. Frumvarp til laga [189. mál]**

um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Fyrir orðin „2% — tveir af hundraði“ í lok 4. mgr. 4. gr. laganna komi: 3½% — þrír og hálfur af hundraði. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almenn vaxtakjör hér á landi hafa hækkað verulega á undanförnum árum. Ríkisstjórnin leggur nú samtímis fyrir Alþingi frumvarp til laga um hækkun á vöxtum af lánum Byggingarsjóðs sveitanna og Ræktunarsjóðs.

Vaxtahækkun sú, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, er í samræmi við áðurnefndar hækkanir á vöxtum.